

Fréttir af verkefninu og staða framkvæmda

- Gatnamót og undirgöng Burknagötu við Snorrabraut opna 9. nóvember
- Hönnun lokið vegna bílastæða við Eirberg, framkvæmdir hefjast fljótlega
- Gerð nýrra bílastæða austan við Læknagarð
- Lokafrágangur við gerð nýs hjólaskýlis
- Jarðvegsframkvæmdir við nýjan meðferðarkjarna
- Bílastæði við vesturgafl Gamla Spítala
- Akstursleið inn á framkvæmdasvæði meðferðarkjarna frá Læknagarði

Gatnamót og undirgöng Burknagötu við Snorrabraut opna 9. nóvember (Sjá nr. 1 á korti)

Laugardaginn 9. nóvember verður opnuð akstursleið frá Snorrabraut inn á lóð Landspítala. Um er að ræða akstursleið á gatnamótum þar sem Gamla Hringbrautin var upp við Snorrabraut. Heiti nýju götunnar er Burknagata. Samhliða opnun götunnar verða opnuð undirgöng fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur undir akstursleiðina. Einnig verða tekin í notkun ný malbikuð bílastæði sunnan við undirgöngin og eru þau ætluð starfsmönnum og gestum Landspítala og Háskóla Íslands. Snjóbræðsla verður í undirgöngunum og á göngustígum í kring. Minnt er á að meginaðgengi að byggingum Landspítala fyrir sjúklinga er enn frá Barónsstíg og Eiríkssgötu.

Hönnun nýrra bílastæða við Eirberg fyrir sjúklinga lokið (Sjá nr. 2 á korti)

Unnið verður að gerð nýrra bílastæða við Eirberg nú á haustdögum sem ætluð verða sjúklingum. Hönnunarferli er lokið og framkvæmdir hefjast í nóvember.

Unnið að gerð nýrra bílastæða austan við Læknagarð (Sjá nr. 3 á korti)

Um er að ræða stæði sem verða tekin í notkun samhliða opnun umferðar yfir nýju undirgöngin. Stæðin verða 70 að tölu, malarstæði sem verða ekki með gjaldskyldu ætluð starfsmönnum og nemendum.
Athygli er vakin á því að yfirleitt eru laus bílastæði á suðursvæði Landspítalans meðfram Hringbrautinni.

Framkvæmdir við gerð nýs hjólaskýlis (Sjá nr. 4 á korti)

Unnið er við lokafrágang á nýju hjólaskýli sem staðsett er við vesturenda bílastæðis við eldhús– og rannsóknastofubyggingu Landspítala.
Hjólaskýlið er með tveggja hæða hjólarekkum og er ætlað fyrir allt að 64 hjól.
Einnig verður settur upp hjólaviðgerðarstandur í skýlinu fyrir smærri hjólaviðgerðir ásamt handvirkri hjólapumpu.
Hjólaskýlið verður tekið í notkun fljótlega.

Jarðvegsframkvæmdir við nýjan meðferðarkjarna. (Sjá nr. 5 á korti)

Áfram er unnið að jarðvegsvinnu við uppgröft nýs meðferðarkjarna og miðar vinnunni vel áfram.
Framkvæmdasvæði meðferðarkjarnans er komið í fulla stærð og áfram er unnið að bergstyrkingum á norðurvegg kjarnans.
Öll óviðkomandi umferð um framkvæmdasvæðið er bönnuð og svæðið vaktað til að auka öryggi vegfarenda.

Bílastæði við vesturgafl Gamla Spítala (Sjá nr. 6 á korti)

Unnið er að gerð nýrra bílastæða við vesturgafl Gamla Spítala.
Verið er að fylla í undir bílastæðin og síðan hefst uppbygging á grjóthleðslum ásamt frágangsvinnu.
Bílastæðin verða fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra og verða með gjaldskyldu.

Ökumennum er bent á að sýna varúð við akstur í námunda við vinnusvæði meðferðarkjarnans. (Sjá nr. 7 á korti)

Allur akstur vinnutækja inn á vinnusvæði meðferðarkjarnans er nú frá götu út frá Læknagarði. Búið er að merkja gönguleiðir og göngubrautir yfir götuna fyrir gangandi vegfarendur en ökumönnum er bent á að sýna aðgát við akstur á svæðinu.

Allur akstur vinnutækja inn á vinnusvæði meðferðarkjarnans er frá götu út frá Læknagarði. Búið er að merkja gönguleiðir og göngubrautir yfir götuna fyrir gangandi vegfarendur en ökumönnum er bent á að sýna aðgát við akstur á svæðinu.

Skýringarmynd

Yfirlitsmynd af svæðinu sem sýnir framkvæmdasvæði nýs Landspítala og gönguleiðir

Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:
Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is
Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH,
866 1378 eða magnus@nlsh.is.

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Stefán Hrafn Hagalín 897 3644 stefanhh@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is

Hringbrautar verkefnið

nlsh.is